

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 77/2024

2024/EES/52/34

frá 15. mars 2024

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2917 frá 20. október 2023 um sannprófunarstörf, faggildingu sannprófenda og samþykki stjórnsýslufirvalda fyrir vöktunaráætlunum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2072 ⁽¹⁾.
- 2) Framseld reglugerð (ESB) 2023/2917 fellir úr gildi framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2072 ⁽²⁾, sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 21awa (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2072) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„**32023 R 2917**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2917 frá 20. október 2023 um sannprófunarstörf, faggildingu sannprófenda og samþykki stjórnsýslufirvalda fyrir vöktunaráætlunum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/757 um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun á losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóflutningum og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2072 (Stjtið. ESB L, 2023/2917, 29.12.2023).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2023/2917, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. mars 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram ^(*).⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2023/2917, 29.12.2023.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 320, 26.11.2016, bls. 5.^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. mars 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.